

Nr. 126

28. desember 2015

LÖG

**um breytingu á ýmsum lögum um happdrætti og talnagetraunir
(framlenging starfsleyfis).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands,
nr. 13/1973, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. málsl. e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Leyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 2034.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og
brjóstholtssjúklinga, nr. 18/1959, með síðari breytingum.**

2. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna,
nr. 16/1973, með síðari breytingum.**

3. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, með síðari breytingum.

4. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ólöf Nördal.